

BLÁHVER

Blað Sjálfstæðisfélags Hveragerðis • 1. tbl. • 22. árg. • Desember 2022

Gleðileg jól

Leiðari

Þá er komið að leiðaraskrifum í hið árlega jólablað Bláhvers, blað Sjálfstæðisfélagsins í Hveragerði. Í blaðinu er að finna bland af allskonar áhugaverðu efni sem ekki einvörðungu snýst um pólitík. Sjálfstæðisfélagið í Hveragerði hefur gefið út Bláhver í fjölmörg ár og á mörgum heimilum er það, þegar jólablað Bláhvers smýgur inn um póstlúguna, tákn um að jólin séu á næsta leiti. Sjálfur hef ég tekið þátt í að bera út Bláhver fyrir jól síðustu tólf ár eða svo og nú eftir að börnin komu til sögunnar er þetta orðin hefð hjá fjölskyldunni að ganga í hús og bera út blaðið. Börnin hafa gaman að samverustundinni með foreldrunum, þó að það taki stundum á þolinmæðina þegar það þarf að stoppa við mörg heimili og ræða málin við húsráðendur. En, nú þegar börnin stækka og þroskast halda þau sjálf áfram að dreifa eða láta það gott heita og fara sjálf heim meðan að pabbinn sem er í pólitík spjallar við íbúa bæjarins.

Það er mögulega svolítið sérstakt að eiga foreldri í pólitík. Mögulega er það síðan ekkert sérstakt þegar börnin alast upp við þetta og þekkja ekki annað. Börnin mín hafa alist upp við það að pabbi þeirra sé á mörgum fundum í viku eftir hefðbundinn vinnutíma (eiginkona mín hefur reyndar líka

þurft að venjast því að ég sé stöðugt á fundum), þau hafa sótt allskyns opnanir á lista-söfnum og öðrum viðburðum, verið viðstödd undirskriftir við hin ýmsu tilefni og horft á pabba sinn flytja margar ræður við há-tíðleg tilefni. Það er síðan á hverjum laugardegi sem við erum heima að helgin hefst ekki nema að mætt sé í laugardagskaffi Sjálfstæðisfélagsins þar fá börnin sér ýmislegt gott að borða og lita og teikna á meðan pabbinn ræðir málin við gesti og gangandi. Í laugardagskaffi Sjálfstæðisfélagsins, sem opið er öllum, gefst fólki tækifæri til að koma og ræða við bæjarfulltrúa D-listans og aðra gesti um bæjar- og landsmálin og líka bara almennt um daginn og veginn. Margir koma bara til að hlusta á hvað er í gangi og gæða sér á góðu bakkelsi og stundum fáum við góða gesti í heimsókn sem flytja fróðleg erindi. Ég býð ykkur öll velkomin í laugardagskaffi Sjálfstæðisfélagsins sem hefst aftur eftir áramót og er alla laugardaga fram á vorið frá kl. 10:30 til 12:00.

Starf Sjálfstæðisfélagsins í Hveragerði



heldur áfram þrátt fyrir að D-listinn hafi ekki náð tilætluðum árangri í síðustu sveitarstjórnarkosningum. Með öflugum félögum og félagsstarfi heldur starfsemi félagsins áfram, framboðslisti D-listans og stjórn Sjálfstæðisfélagsins hittist vikulega, laugardagskaffið er á sínum stað, stór hópur frá félaginu fór saman á landsfund Sjálfstæðisflokksins sem nýlega var haldinn og nú er hér gefið út hið árlega jólablað Bláhvers.

Ég vil nýta tækifærið í þessu blaði til að þakka öllum þeim sem sátu í nefndum og ráðum fyrir D-listann á síðasta kjörtímabili, bæði aðalmönnum og vara, fyrir þeirra störf í þágu Hveragerðisbæjar og fyrir D-listann.

Kæru Hvergerðingar og aðrir lesendur Bláhvers, takk fyrir árið sem er að líða. Fyrir hönd okkar bæjarfulltrúa D-listans óska ég ykkur öllum gleðilegrar jólahátíðar og hamingjuríks nýs árs!

Friðrik Sigurbjörnsson
Oddviti D-listans í Hveragerði

Það sem barninu er fyrir bestu

Síðastliðinn vetur hóf fræðslunefnd vinnu að nýrri skólastefnu með starfsfólki í leik- og grunnskóla, Bungubrekku, nemendum og foreldrum. Vinnan var fjölbreytt og nutum við ráðgjafar fagaðila frá Ásgarði, skóla í skýjunum. Skólastefnan var svo samþykkt á vörmanuðum og ákveðið að innleiðingarferlið hæfist við upphaf nýs skólaárs. Nú þegar er búið að skipa vinnuhóp starfsmanna á leik- og grunnskólastigi ásamt starfsmönnum frá Bungubrekku. Áætlað er að vinnuhópurinn nýti þetta skólaár til þess að ljúka við innramatsáætlanir sem endurspeglar áherslur skólastefnunnar.

Stefnan er að sjálfsögðu lifandi plagg sem felur í sér leiðsögn til þeirra sem annast framkvæmd skólastarfsins með

því svigrúmi sem þarf til útfærslu og með þarfir og færni nemenda að leiðarljósi. Með því að byggja innleiðingu skólastefnunnar á kerfisbundnu innramati er tryggt að hún byggist á styrkleikum hvers skóla fyrir sig.



Eflum færni nemenda til framtíðar í öllu skóla- og fristundastarfi

Stefnunni er ætlað að stuðla að markvissu og framsæknu skólastarfi með hagsmuni og velferð barna og ungmenna bæjarins í fyrirrúmi. Skólastarf í Hveragerðisbæ á að vera í fremstu röð. Í skólastarfinu okkar er byggt á þeirri sérstöðu sem bæjarfélagið býr yfir, náttúru, umhverfi og sérstakri sögu bæjarfélagsins.

Meginmarkmið skólastefnunnar er að efla og styðja við nemendur sveitarfélags-

ins í öruggu samfélagi þar sem fjölbreytileiki fær að njóta sín. Að nemendur beri virðingu hver fyrir öðrum og sjái og skilji mikilvægi jafnréttis og lýðræðislegs samstarfs með mannréttindi að leiðarljósi. Með leik, námi og kennslu leggjum við grunninn að velliðan einstaklingsins. Sem er og undirstaða þess að skila nemendum okkar sjálfstæðum, sterkum og tilbúnum til þess að takast á við allar þær áskoranir sem lífið býður þeim.

Til þess er þessi stefna sett

Með þessari stefnu tókum við sameiginlega ábyrgð á börnum okkar og viljum búa þeim bestu skilyrði til menntunar og þroska. Til þess er þessi stefna sett. Að því marki viljum við stefna.

Óska ykkur gleðilegrar hátíðar í faðmi fjölskyldu og vina.

Alda Pálsdóttir,
bæjarfulltrúi og fulltrúi í fræðslunefnd

Að langa eða þurfa

Það væri án efa skynsamlegt að staldra við í innkaupum og spyrja hvort okkur langar eða hvort raunverulega sé þörf fyrir kaupin. Hér áður fyrr voru úrgangsmál ekki áhyggjuefni. Stærsta ástæða þess var að fólk einfaldlega vann úr þeim efnivið sem til var. Það er ekki langt síðan að borðað var eftir því sem héraðið og árstíðirnar gáfu af sér. Gjafir voru heimagerðar og gjarnan endurnýttar og fólk fór ekki á milli bæja nema að erindið væri brýnt.

Jákvæðir tiskustraumar

Nú er í tísku að versla heima í héraði, beint af býli og jafnvel borða eftir árstíðum. Ef við horfum okkur nær þá getum við borðað grænmeti úr okkar héraði, mjólkurvörur, kjöt og jafnvel fisk. Og við líðum engan skort af þessum fjölbreytta matseðli. Hins vegar þegar við förum í matvöruverslun þá getum við keypt alls kyns vöru sem er innpökkuð í mismiklar umbúðir og jafnvel komin um langan veg. Innkaup eru að sjálf-sögðu val hvers og eins og að sama skapi þá berum við ábyrgð á því sem við skiljum eftir okkur. Margir hafa tamið sér mínimalískan

lífsstíl og segja að það veiti bæði hugarró og frelsi. Að gefa heimagerða gjöf og/eða upplifun eru jákvæðir tiskustraumar sem bæði eru fallegir og góðir fyrir okkur og umhverfið.

Velja umhverfissvænni kostinn hverju sinni

Við Hvergerðingar höfum til margra ára verið dugleg að flokka og erum í fararbroddi íbúa á landinu þegar kemur að hlutfalli sorps sem fer til endurvinnslu og endurnýtingar. Það er ekki óvenjulegt að heyra íbúa tala um að græna tunnan sé full á meðan sú gráa standi tóm.

Umhverfisnefnd bæjarins óskaði á síðasta kjörtímabili eftir sjálfbodaliðum til að taka þátt í Zero waste tilraunaverkefninu. Markmið verkefnisins var að finna út leið til að færa bæjarfélagið í átt að hringrásar-

hagkerfi með engri sóun eða "zero waste economy". Nú á nýju ári breytast lög um meðhöndlun úrgangs og þá reynir á það val okkar á innkaupum. Stutta skýring þessara breytinga er að hver og einn mun borga fyrir það sem hann hendir (Borgað þegar hent er). Umhverfið og úrgangsmálin varða okkur öll og við verðum öll að bera ábyrgð á okkar rusli.

Í aðdraganda jólahátíðar kemur einna fyrst upp í hugann öll fallegu jóla-ljósín sem prýða híbýli bæjarbúa. Einhverjar seríur eru úr sér gengnar og ónýtar. Munum að þær eiga heima í flokki raftækja!

Sendi Hvergerðingum öllum bestu óskir um gleðilega hátíð

*Ingibjörg Zoéga
formaður Sjálfstæðisfélags Hveragerðis og
fulltrúi í umhverfisnefnd*



GARPAN EHF.

GARÐYRKJA • VÉLALÉIGA

Bestu óskir um
friðsæl jól og farsæld
á komandi ári

Þökkum viðskiptin
á árinu sem
er að líða



valborgfs.is



VALBORG
FASTEIGNASALA



Með ósk um gleðileg jól
og farsæld á komandi ári



**Elínborg
María
Ólafsdóttir**
Sími 861 6866



**Gunnar
Biering
Agnarsson**
Sími 823 3300

Mikilvægi gætni í fjármálum

Eftir 16 ára samfellda setu í meirihluta í bæjarstjórn Hveragerðisbæjar kemur ýmislegt í hugann þegar litið er yfir farinn veg. Efst er í huga þakklæti fyrir það traust að vera trúað fyrir slíku verkefni í svo langan tíma og einnig fyrir samstarfið við það fólk sem valist hefur í bæjarstjórn á þessum árum og ekki síður við starfsmenn bæjarins. Auðvitað gekk ekki alltaf allt upp og stundum var tekist á um málin eins og gengur í slíku starfi.

Ég ætla ekki að rekja söguna hér og nú eða fara að telja upp allt það sem áorkaðist á þessum tíma í þágu bæjarbúa og Hveragerðis sem þó var sannast best að segja mjög margt. Hér vil ég gera að umtalsefni þá ábyrgð og það hlutverk sem bæjarfulltrúar takast á hendur í þeirri von að eitthvað megi e.t.v. af því læra.

Í dag eru tekjur Hveragerðisbæjar í kringum 3 milljarðar króna. Þetta eru miklir peningar sem mikilvægt er að fara vel með og ígrunda þarf helst hverja krónu sem notuð er í útgjöld og gæta þess að henni sé vel varið í þágu allra bæjarbúa. Tekjurnar koma jú að mestu frá þeim og álögum þarf að stilla í hóf.

Rekstraráætlun

Það fyrsta sem þarf að huga að er að eiga fyrir rekstri bæjarfélagsins, þ.e. í raun fyrir þeirri grunnþjónustu sem nauðsynleg er. Þar má t.d. nefna grunnskóla, leikskóla, félagsþjónustu, skipulagsmál, gatnagerð, vatnsveitu, fráveitu og viðhald gatna og gangstétta. Síðan þarf að eiga fyrir afborgunum lána hverju sinni. Vonandi er þá einhver afgangur til að setja í aðra hluti sem

„gaman er að hafa“ en kannski ekki endilega það sem fellur undir grunnþjónustu. Má þar nefna íþróttastarf, fegrun bæjarfélagsins, félagsstarf, bókasafn og aðra menningarstarfsemi.

Við vinnslu rekstraráætlunar síðustu 16 árin unnu bæjarfulltrúar ávallt mikil starf. Setið var löngum stundum yfir hverjum einasta lið og hverri þúfu velt til að vera nú viss um að vel væri farið með fjármuni bæjarins. Farið var vandlega yfir gjaldskrár bæjarins og reynt af fremsta megni að stilla hækkunum í hóf en á sama tíma stilla þær þannig af að bærinn ætti fyrir útgjöldum. Grunnreglan var jafnan að hækka gjaldskrár ekki meira en sem næmi verðbólguþróun síðustu 12 mánaða á undan.

Fjárfestingaráætlun

Síðan kom að fjárfestingaráætlun fyrir komandi ár. Þar endurtók sig sama vinnulag, setið var löngum stundum yfir öllum hugmyndum um nýfjárfestingar og ígrundað hvað væri hægt og skynsamlegt að gera miðað við þær tekjur sem bæjarfélagið hafði. Jafnan þurfti að taka einhver lán til að eiga fyrir fjárfestingunum en þess jafnan gætt að skuldastaðan færi ekki úr böndunum, hvorki gagnvart lögum og reglum þar um né þannig að bæjarfélagið ætti ekki fyrir afborgunum. Þetta þýddi að það þurfti að forgangsraða í þágu þess sem nauðsynlegast var og gæta hagkvæmni í hvívetna. Einnig þurfti að huga að því að fjárfesta

helst í því sem skilaði sér til baka í auknum tekjum eða betri þjónustu við bæjarbúa.

Breyttar áherslur

Í kosningunum síðasta vor ákvað meirihluti kjósenda í Hveragerði að skipta um kúrs, þ.e. að fella þáverandi meirihluta D-listans og velja annað. Það ber að virða enda hefur lýðræðið sagt sitt en um leið er það skylda nýs minnihluta að veita nýjum meirihluta fullnægjandi og vandað aðhald.

Af því sem ég hef getað fylgst með undanfarnar vikur að því er varðar gerð fjárhagsáætlunar fyrir næstu ár sýnist mér því miður að ekki sé vandað til verka með þeim hætti sem verið hefur. Þetta blasir við þegar framlögð gögn eru skoðuð. Engu er líkara en að bæjarfulltrúar meirihlutans hafi ekki eytt miklum tíma í að vanda áætlunargerðina eða viti hreinlega ekki betur auk þess sem hugmyndir um fjárfestingar eru óraunhæfar og lántökur þeirra vegna geta hæglega stefnt fjárhag sveitarfélagsins í stórhættu.

Ég vil með þessum greinarstúf hvetja nýjan meirihluta til að staldra við og gæta að sér þannig að ekki fari illa fyrir fjárhag bæjarins á næstu árum. Slíkt getur orðið bæjarbúum dýrt og komið niður á grunnþjónustunni.

Óska Hvergerðingum gleðilegra jóla

*Eyþór H. Ólafsson,
varabæjarfulltrúi*



TASTE
SUPER
DAIRY

GLEÐILEGA HÁTÍÐ

ÍSEY SKYR BAR HJÁ NI HVERAGERÐI



SUPER **TASTY** SUPER **HEALTHY** SUPER **DAIRY**

djúsi
**GLEÐILEG
JÖL**

DJÚSI HJÁ NI HVERAGERÐI



djúsi

170 ára afmæli

Grund fagnaði aldarafmæli þann 29. október síðastliðinn og Ás fagnaði 70 ára afmæli þann 26. júlí síðastliðinn. Þetta eru stórir og merkir áfangar í sögu öldrunarþjónustu landsins.

Grund var stofnað af forsvarsmönnum Samverjans þann 29. október 1922. Langafi minn Sigurbjörn Ástvaldur Gíslason var einn af stofnendum Samverjans og aðal hvatamaður að stofnun Grundar. Samverjinn var líknarfélag sem stóð fyrir matargjöfum til fátækra og gamalmennaskemmtunum til fjáröflunar vegna væntanlegrar byggingar öldrunarheimilis í Reykjavík. Býlið Grund við Kaplaskjólsvæg var keypt og þar voru 23 heimilismenn til að byrja með. Fljótt varð ljóst að þörfin var mikil og því nauðsynlegt að byggja stærra heimili. Grund var úthlutað lóð við Hringbraut árið 1925, nýtt stórt og glæsilegt hús byggt og tekið í notkun í september 1930. Á sjötta áratugnum var svo Minni Grund byggð sem starfsmannahús og Litla Grund byggð á níunda áratugnum fyrir heimilisfólk.

Mikil fjöldi heimilismanna dvaldi á Grund og má nefna sem dæmi að árið 1970 voru heimilismenn Grundar tæplega 400 talsins. Sem betur fer hefur fækkað og í dag eru þeir um 170. Stefna stjórnenda Grundar er að bjóða öllum heimilismönnum upp á einbýli með sér baðherbergi.

Ás tók til starfa þann 26. júlí 1952. Forsaga þess er að Elliheimilisnefnd Árnassýslu hugðist reisa öldrunarheimili á Suðurlandi. Nefndarmenn höfðu samband við Gísla Sigurbjörnsson þáverandi forstjóra Grundar til skrafs og ráðagerða. Hann sá fljótt að heimamenn höfðu ekki úrræði umfram það sem í dag flokkast sem dvalarrými. Hvað ætlið þið að gera þegar heimilisfólkið í Ási



þarf á aukinni umönnun og hjúkrun að halda. Í stuttu máli sagt þá tók Grund að sér rekstur öldrunarheimilis í Ási gegn því skilyrði að heimilismenn þess fengju inni á Grund þegar líkamlegt og andleg ástand þeirri krafðist aukinnar umönnunar og hjúkrunar.

Heimilismenn voru í upphafi 13. Þeim fjölgaði fljótt og urðu flestir rúmlega 200 talsins á níunda áratugnum. Hjúkrunarheimili við Ás var byggt og tekið í notkun í desember árið 1998. Í dag er stefnt að byggingu nýs hjúkrunarheimilið norðan við það gamla. Með 22 rýmum og í beinu framhaldi verður gamla hjúkrunarheimilinu breytt á þann veg að allir heimilismenn hafi sitt herbergi með sér baðherbergi.

Ég hef alla tíð haft miklar tengingar við Hveragerði. Flutti hingað haustið 1990 og starfaði sem framkvæmdastjóri Áss frá 1990 – 2010. Tók svo aftur við Ási árið 2017. Ég var sem barn mikið hjá ömmu Helgu og afa Gísla í Hveragerði en þau voru með hús hér í bæ sem Grund átti. Sumrin voru

skemmtileg í minningunni, gott veður, leikir í Hamrinum og endalausar sundferðir í Laugaskarð. Og ég hef búið hérna síðan 1990 og líkar hvergi betur. Þetta er eins og að búa í sveit en í nálægð við höfuðborgina. Eins og ég hef lengi sagt, Hveragerði er besta hverfið í Reykjavík. Frá 1. júlí 2019 hef ég síðan stýrt Grundarheimilunum þremur, Grund, Ás og Mörk auk fasteignafélaganna tveggja, GM ehf og ÍEB ehf og svo Þvottahúsi Grundarheimilanna ehf sem rekur jafnframt garðyrkjustöðina hér í bæ. Umfangsmikill rekstur, velta rúmlega sex milljarðar og rúmlega 700 manns í vinnu.

Framtíð Grundarheimilanna er björt. Aldurssamsetning þjóðarinnar er með þeim hætti að tækifæri í öldrunarþjónustu eru mikil á næstu áratugum. Það er mikilvægt að heimilin tvö nýti þau.

Hugheilar jólakveðjur til ykkar allra með þökk fyrir árið sem er að líða.

*Gísli Páll Pálsson,
forstjóri Grundarheimilanna.*





Konfekt

ÍSTERTA

Skreytt með gómsætum
Nóa Sírius konfektmolum

FYRIR 12 MANNS




NÓI SÍRÍUS

Í upphafi skyldi endinn skoða

Hveragerðisbær hefur í allnokkur ár verið þátttakandi í byggðasamlagi sveitarfélaga í Árnessýslu, utan Árborgar, um skóla- og velferðarþjónustu. Þjónustan hefur verið rekin frá Hveragerði og hefur Hveragerðisbær leigt byggðasamlaginu húsnæði. Einnig hefur verið rekin starfsstöð í Laugarási í uppsveitum Árnessýslu. Yfirstjórn byggðasamlagsins er í höndum nefndar oddvita og sveitarstjóra, hér eftir NOS, sem fer í umboði viðkomandi sveitarstjóra.

Hlutverk

Hlutverk byggðasamlagsins hefur verið að veita þverfaglega og samræmda velferðarþjónustu til einstaklinga og fjölskyldna. Sérfræðiþjónustu við leik- og grunnskóla, félagslega ráðgjöf og fjárhagsaðstoð, þjónustu við fatlað fólk og aldraða, barnavernd og aðra faglega þjónustu til stofnana og félagsamtaka á svæðunum.

Markmið byggðasamlagsins hefur verið að gera minni sveitarfélögum kleift að sinna lögbundnu hlutverki sínu í krafti samvinnu og hagræðingar eins og kostur er. Eins og gefur að skilja er þörfin mismikil milli sveitarfélaga og þau einnig misvel í stakk búin að takast á við verkefni innan þessara málaflokka.

Miklar breytingar eru fyrirhugaðar m.a. á málefnum barna, með tilkomu nýrra laga um samþættingu þjónustu í þágu far-

sældar barna. Hafa fulltrúar D-lista setið í nefndinni undanfarin ár og jafnvel eftir úrslit sveitarstjórnarkosninga í vor, hefur seta fulltrúa D-lista haldið áfram þar sem farið var fram á að fólk með reynslu sæti í nefndinni fram yfir að innleiðing laganna væri yfirstaðin.



Úttekt á starfsemi byggðasamlagsins

Það er eðlilegt, eftir að samvinna sem þessi er búin að vera við lýði í langan tíma, að farið sé í saumana á því hvort þjónustustigið sé í lagi og hvort kostnaður sé í takt við væntingar og þjónustustig. Því var ákveðið af NOS árið 2021 að fara í úttekt á þjónustunni og leggja til framtíðarfyrirkomulag á þjónustu byggðasamlagsins. Til verksins var Háskólinn á Akureyri fenginn og skilaði hann niðurstöðum seinni part vetrar 2021/2022. Þar komu m.a. fram skýrar niðurstöður um að skynsamlegasta framtíðarform þjónustunnar væri að halda áfram með byggðasamlagið og einnig að efla það, þar sem þjónustuþörf væri alltaf að aukast og innleiðing nýrra laga um þjónustu við fatlaða og að auki frumvarp um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna. Því væri skynsamlegt að styðja frekar við þjónustu samlagsins, frekar en að kollvarpa henni. Í framhaldi af niðurstöðu þessarar skýrslu fór fram töluverð umræða um kosti og galla þess að vera innan byggðasamlags

og að nauðsynlegt væri fyrir sveitarfélög eins og Hveragerði að fara í úttekt á sinni stöðu með það fyrir augum hvort hagsmunum sé betur borgið innan eða utan byggðasamlags eins og hér um ræðir.

Starfssemin sett í uppnám

Síðastliðið sumar var hins vegar ákveðið af NOS að leggja niður byggðasamlagið að undangenginni uppsögn Hveragerðisbæjar á húsnæði því sem leigt hafði verið undir starfseminna, án þess að það hafi verið rætt á nokkurn hátt við NOS í aðdragandanum. Því má segja að starfsemin hafi verið sett í uppnám án þess að nokkur forvinna hafi verið unnin og án þess að úttekt á kostum og göllum hafi átt sér stað. Það er því ljóst að fram undan eru óvissutímar hjá þeim sem vinna að þessum málum í bæjarfélaginu. Ekki liggur neitt fyrir um það hvernig meirihluti bæjarstjórnar ætlar að innleiða eða yfirfæra þjónustu í málaflokki eftir að skóla- og velferðar þjónustan leggur niður starfsemi. Eitt er víst að málaflokkurinn er dýr og þarf skýran ramma til að þjónusta sé viðunandi og að rekstur þjónustunnar sé á viðunandi hátt. Því er það brýnt að bæjar-yfirvöld setji sér skýr markmið og hefjist handa nú þegar við skipulag málaflokksins.

Með jólakveðju

Sigurður Einar Guðjónsson
fulltrúi í Skólaþjónustu-
og velferðarnefnd Árnesþings og
skipulags- og mannvirkjanefnd

TOOLS.IS

Gledileg jól
og takk fyrir viðskiptin á árinu



Gagnheiði 55, Selfossi - Sími 422 4040





Við sendum
Hvergerðingum öllum
hugheilar jóla- og
nýárskveðjur með þökk
fyrir árið sem er að líða.

Hátíðarkveðja,
Arnon

BYR

FASTEIGNASALA

VERIÐ VELKOMIN Í
KLUKKUHÚSIÐ
AUSTURMÖRK 7



ELÍN



SIGURÐUR



SIGURBJÖRG



HRÖNN

Upprisa menningar og íþróttar eftir heimsfaraldur

Það má með sanni segja að menningar- og íþróttalíf bæjarins hafi risið upp á liðnu ári eftir heimsfaraldur. Litla bæjarfélagið okkar og heimurinn allur hefur gengið í gegnum erfiða tíma og það er á tímum sem þessum sem samstaða bæjarbúa skiptir öllu máli.

Blómlegt menningarlíf

Á síðastliðnu sumri iðaði bærinn af menningarþyrstum bæjarbúum sem létu sig ekki vanta á hina ýmsu viðburði í Hveragerði. Einkaframtak hjá öflugum einstaklingum hefur veitt menningarlífinu einstakan blæ með tilkomu vel heppnaðra viðburða eins og tónlistarhátíðinni Allt í blóma og Bjór-hátíð Ölverks. Svo má ekki gleyma viðburðum sem hafa fest sig rækilega í sessi hér í Hveragerði eins og Blómstrandi dagar, hátíðarhöld á sumardaginn fyrsta og 17. júní hátíðarhöld sem vöknudu aftur til lífsins eftir heimsfaraldur.

Eitt sinn skáti ávallt skáti

Við hátíðarhöldin 17. júní síðastliðin fékk skátafélagið Strókur afhent Menningarverðlaun Hveragerðisbæjar fyrir framúrskarandi störf á liðnum árum; einstakt starf sem hefur verið innt af hendi hjá skátunum

okkar sem valdefla ungmenni bæjarins í þeim tilgangi að virkja þau til jákvæðra verka í samfélaginu.

Snúum bókum saman

Á sama tíma og menningarlífið blómstraði eftir heimsfaraldur átti íþróttastarfið undir högg að sækja eftir fall Hamarshallarinnar. Hveragerðisbær og íþróttafélagið Hamar stóðu frammi fyrir krefjandi verkefni og það er ekki ofsógum sagt að skipulag íþróttafélagsins þetta haustið hafi verið á degi hverjum ákveðið verkfræðiundur í krefjandi aðstæðum. Aðstæður sem enginn bjóst við og ganga ekki upp til lengri tíma. Það er einmitt þess vegna sem mikilvægt er að allar ákvarðanir séu teknar með iðkendum Hamars í forgrunni þar sem yngstu iðkendum eiga ávallt að njóta vafans og vera í forgrunni.

Blakliðið getur ekki hætt að vinna

Þrátt fyrir ýmsar áskoranir í aðstöðumálum þá hefur það vonandi ekki farið fram hjá neinum að á undanförunum árum hefur langbesta blaklið landsins í karlaflokki komið frá Hveragerði. Það hefur verið stórkostlegt að fylgjast með uppgangi liðsins sem hefur unnið allt sem hægt er að vinna

í þeim mótum sem liðið hefur tekið þátt í.

Leiðandi frístundastarf á landsvísu

Það var ekki bara blakliðið sem hefur fagnað sigrum á árinna því að við Hvergerðingar getum verið stoltir af því að hér er starfrækt besta frístundamiðstöð landsins. Þetta eru vissulega djúpt í árina tekið en um er að ræða orð að sönnu þar sem það hefur komið bersýnilega í ljós á undanförunum árum að starfsemi Bungubrekku hefur fest sig í sessi sem leiðandi afl í frístundastarfi á landsvísu sem stjórnendum bæjarins ber að standa vörð um. Áfram Bungubrekkla!

Það er með hjartsýnina að leiðarljósi sem við göngum inn í nýtt ár og höldum áfram að stuðla að heilsu og velferð íbúa í Hveragerði.

Gleðilega hátíð.

*Sigmar Karlsson,
varabæjarfulltrúi og fulltrúi í
menningar-, íþróttar- og frístundanefnd*



Jólaopnun hjá Almar Bakara Hveragerði

24. desember 9–13	29. desember 7–18
25. desember Lokað	30. desember 7–18
26. desember 9–16	31. desember 8–14
27. desember 7–18	1. janúar Lokað
28. desember 7–18	

Gleðilega hátíð

**BESTU ÓSKIR
UM FRÍÐSÆL JÓL OG
FARSÆLD Á KOMANDI ÁRI**



●●● SECURITAS

GRÓÐURHÚSIÐ

THE GREENHOUSE

Hótel | Mathöll | Verslanir | Kaffihús | Ísbúð | Matarmarkaður | Bar | Viðburðir

KOMDU OG UPPLIFÐU JÓLASTEMNINGU!

JÓLADAGSKRÁ GRÓÐURHÚSSINS

DESEMBER

Dagskrá allar helgar og ýmsa virka daga fram að jólum
og sérstakur jólamatseðill í boði alla daga í mathöll/bar

ALLAR HELGAR

Jólaglög og heitt súkkulaði

Ristaðar möndlur

Jólatréssala 3. flokks Hamars í knattspyrnu

Ís fyrir tvo fylgir hverju seldu tréi

Hjá ísbúðinni er boðið upp á fríann ís fyrir 12 ára
og yngri með hverjum keyptum ís

Me&Mu er með matarsmakk og kynningar beint frá býli

VIÐBURÐIR

17. DES

JÓLATÓNLEIKAR

Unnur Birna ásamt jólatríói leika fyrir
ljúfum tónum 20-22

23. DES

ÞORLÁKSMESSA

Á þorláksmessu verður riggarígg
Óskalög, faðmlög, jólatög, öll lög 20-22

Opið frá kl. 8:00 - 23:00
öll kvöld fram að jólum.

Mathöllin er opin
frá kl. 11:30 - 21:00



ALLAR HELGAR Í DESEMBER

Jólatréssala 3. flokks Hamars í knattspyrnu.
Ís fyrir tvo fylgir hverju seldu tréi

JÓLAMATSEÐILL

sjá: thegreenhouse.is/jol

Kosningabaráttan

Askur, félag ungra sjálfstæðismanna í Hveragerði, hefur sjaldan átt jafnmarga fulltrúa í sveitarstjórnarkosningum eins og á senn liðnu ári. Á framboðslista D-listans voru sex frambjóðendur yngri en þrjátíu og fimm ára, nýliðar og einhverjir sem áður höfðu verið á lista. Askur sá um fjölbreytta viðburði í aðdraganda kosninganna. Má þar nefna pöbkkvissu uppi í Reykjadal, hin árlega páskaeggjaleit - en alltaf er mætingin í hana jafngóð - og skemmtikvöld með uppistöndurum og tónlistarmönnum. Þessar upptök voru vel sóttar og ánægjulegt var að heyra skoðanir ungra Hvergerðinga á þeim málum sveitarfélagsins sem snertir það hvað mest. Kosningarnar hefðu mátt fara betur en með framtaki ungra sjálfstæðismanna í kosningunum var lagður grunnur að öflugu framtíðarstarfi Asks.

Milliping

Milliping sambands ungra sjálfstæðismanna var haldið í Hveragerði þetta haust-

ið. Fjölmarginir ungir sjálfstæðismenn, hvaðanæva að, lögðu leið sína í bæinn til að taka þátt í málefnavarfi sambandsins.

Þessi þing vekja alltaf mikla lukku hjá þátttakendum og þingið í Hveragerði engin undantekning á því. Vel heppnaðar vísindafærðir í Kjörís og Ölverk vöktu kátínu. Þar fékk hópurinn að kynna vel tveimur af mörgum burðarstólpum atvinnulífs bæjarins.

Á Ölverk tók Laufey Sif á móti hópnum. Hún er Aski mjög góðkunnug þar sem hún gegndi formannsstöðu félagsins og vann þar frábær störf. Gestir fengu þá innsýn í það hvernig jarðhiti nýtist við bruggun ásamt því að fræðast um nú samþykkt áfengisfrumvarp sem heimilar sölu áfengis á framleiðslustað en það mun verða íslenskum smábruggurum mikil lyftistöng. Guðrún Hafsteinsdóttir oddviti Sjálfstæðisflokksins í suðurkjördæmi tók því næst á móti mannskapnum í verksmiðju Kjörís.

Guðrún rakti sögu fyrirtækisins í þaula og veitti gestum innsýn í framleiðsluferlið og var það vel metið. Hápunktur þingsins var svo hátíðarkvöldverðurinn þar sem meðlimir þingflokks Sjálfstæðisflokksins, kjörnir fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í bæjarstjórn og aðrir trúnaðarmenn flokksins mættu í veisluhöldin. Eins og gefur að skilja var mun verr mætt á sunnudagsmorgninum eftir húllumhæ næturinnar veturkonungur minnti einnig hressilega á sig þessa helgina með fyrstu vetrarlægðinni.

Heilt yfir var þetta afskaplega vel heppnað, allir héldu sáttir heim á leið úr blómabænum og verður þetta án efa vítamínsprauta fyrir starfsemi Asks.

Sendum ungum sem eldri Hvergerðingum ósk um gleðilega jólahátíð,

F. h. Asks

Árni Þór Steinarsson Busk og
Styrmir Jökull Einarsson




Gleðileg jól og takk fyrir viðskiptin á árinu

BOR ehf **Kjarnaborun og steinsteypusögun**

895 9490 895 9491



Óskum Sunnlendingum öllum gleðilegrar hátíðar og þökkum góða samvinnu á árinu sem er að líða.

*Með hátíðarkveðju,
Guðrún, Vilhjálmur, Ásmundur og Birgir
þingmenn Sjálfstæðisflokksins*



matkráin
cafe - bar - restaurant

*Elegant veitingastaður
í hjarta Hveragerðis*

Við viljum minna fólk á okkar rómaða aðventuseðil.




Afgreiðslutími
miðvikudaga til sunnudaga
frá kl. 11:00 til 21:00.

Sími 483 1105
www.matkrain.is
matkrain@matkrain.is



*Óskum Hvergerðingum
og nærsveitamönnum gleðilegri
jóna og farsældar á komandi ári.
Þökkum viðskiptin á árinu
sem er að líða.*

*Starfsmenn
Leiktækja og sport
Austurmörk 19, Hveragerði.*



**Jólakeðja frá
okkur í Reykjadal Lodge,
hlökkum til að sjá
ykkur á nýju ári.**



**BELGÍSK VAFFLA
Í REYKJADAL
ER TILVALIÐ
Á NÝJU ÁRI**



**BYGG
BRÆÐUR**

Jólahugvekja

Af hverju snjóar alltaf í jólaauglýsingunum? Staðalmyndir tengdar jólum geta orðið okkur fjötur um fót þegar við undirbúum hátíðina sem í hönd fer. Fleiri myndir eru t.d. fjölskyldur þar sem allt leikur í lyndi og öll samskipti eru áreynslulaus, gjörsamlega áhyggju- og streitulausir foreldrar sem aldrei nokkurn tímann hafa þurft að leysa úr ágreiningi, og glöð börn, vel upp alin, vel greidd og vel sofin. Við finnum það öll hvað þessar staðalmyndir eru okkur ógagnlegar og óhjálplegar og lítið styðjandi. Við vitum að fjölskyldur eru alls konar og að tilfinningar og líðan á jólum er alls konar. Eitt af því sem jólin gera við okkur er það að á einhvern hátt þá segja þau okkur satt um líf okkar. Þegar allt er í lagi í lífi okkar, eins langt og það nær, þá finnum við það á jölunum og fyllumst vonandi þakklæti. Og þegar eitthvað vantar, þegar eitthvað er að, þá finnum við það líka svo sterkt á jölunum. Það er eitt af því sem jólin gera við okkur, þau opna hjarta okkar, og jafnvel líka þau hólf sem við viljum ekkert sérstaklega hafa með að gera, þau sem geyma sára reynslu af t.d. missi og áföllum. Þegar við syrgjum og söknum, þar sem búið er við kröpp kjör, þar sem glímt er við veikindi eða þar sem gæði náinna tengsla eru af skornum skammti, þá verður þetta allt meira áberandi um jólin, ýmislegt sem við kannski getum leitt hjá okkur í annan tíma.

Í hjarta jólaguðspjallsins er sannarlega engin glansmynd. Þar hittum við fyrir samsetta fjölskyldu, þungaða ógifta unglingsstúlku og ráðvilltan unnusta hennar á hrakhólum í veröld sem lætur sér í besta falli standa á sama um þau. En þau Jósep og María völdu að takast á við lífið eins og það kom til þeirra. Sögu barnsins þekkjum við, litla Jesúbarnsins.

Ekkert hreyfir við okkur eins og lítið barn. Það er varla hægt að bregðast öðruvísi við litlu barni en að elska það, mynda við það tengsl, því barnið horfir á þig og spyr með augunum: má ég treysta þér?

Lífið snýst um tengsl. Ein mesta heilsufarsógn samtíma okkar kvíði og einsemd varðar að hluta tengslaleysi. Tengslaleysi við okkur sjálf, hvert annað og við æðri mátt. Lífshamingja okkar veltur að svo miklu leyti á því, hvernig okkur lánast að mynda tengsl og rannsóknir sýna að þau okkar sem eiga innihaldsrík og nán tengsl við aðra eru líklegri til að skilgreina sig sem hamingjusamar manneskjur.

Saga jólanna er um þetta. Hún er um það sem gerist andspænis litla barninu í jötunni sem vill mynda við þig tengsl, biður þig að elska sig og vill fá að búa hjá þér. Hún er líka um það val sem við eigum öll í lífinu við allar aðstæður. Við eigum alltaf val um það að takast á við lífið eins og það kemur til okkar hverju sinni en ekki fallast hendur andspænis verkefnunum sem okkur eru falin, taka því sem að höndum ber með æðruleysi og í trausti. Um leið eigum við líka val um að horfa í augu samferðafólks okkar og virða líf þeirra. Við eigum alltaf val um það að sjá og reyna að skilja, átta okkur á að öll erum við að taka okkar ákvarðanir, heyja okkar baráttu og reyna að gera vel, að enginn á einfalt líf og fæst eigum við lífið eins og til stóð að hafa það, a.m.k. í öllum lykilafríðum.

Í þessu samhengi er heldur ekki hægt að láta hjá líða að nefna mestu ógn heimsins um okkar daga, umhverfisvána sem einnig má rekja til tengslaleysis. Líf okkar mannanna hér á jörðinni veltur á því að okkur lánist að sjá og finna og skynja með allri veru okkar samlíðan og samkennd



með gjörvallri sköpun Guðs í þessum heimi sem nú engist vegna óafturkræfra inngripa mannsins í vistkerfi jarðarinnar. Jesúbarnið laðar fram í okkur vitund um að við erum systkin, allar manneskjur og ekki bara það heldur einnig vitund um að öll sköpunin, allt sem lifir, tengist. Og von okkar nú, í þeim aðstæðum sem kunna að virðast vonlausar, er sú að náungakærleikurinn í brjósti okkar nái ekki aðeins til hvers annars heldur til vistkerfisins alls. Maðurinn er þannig af Guði gerður að geta tekist á við erfiðar aðstæður með krafti og von og hæfni til þess að hafa áhrif á líf okkar og umhverfi. Boðskapur jólanna er sá að það er engin ástæða til þess að tapa voninni heldur þvert á móti næra hana og rækta, opna huga okkar og hjörtu og takast óhikað og með opnum huga á við verkefni lífsins.

Guð gefi þér og þínum gleðileg jól.

Ninna Sif Svavarsdóttir,
sóknarprestur Hveragerðisprestakalls

Áramótabrenna og flugeldasýning á gamlárskvöld

Hin árlega áramótabrenna verður á gamlárskvöld kl. 20:30 á landi Friðarstaða.

Starfsmenn bæjarins munu sjá um alla framkvæmd við brennuna.

Flugeldasýning hefst um klukkan 21:00 og verður hún í umsjón Hjálparsveitar Skáta.

Að gefnu tilefni er tekið fram að ekki er leyfilegt að vera með flugelda við brennu vegna þeirrar hættu sem það getur skapað.



Molarnir í konfektkassanum!

Í frægri mynd sagði aðalpersónan, sem batt ekki bagga sína alveg sömu böndum og flestir, að lífið væri eins og konfektkassi. Maður vissi aldrei hvað mola maður myndi fá. Maður getur ekki verið viss um það hvort að molinn manns sé bragðgóður eða hvort að í honum sé kannski sterkur lakkris sem er versta nammi sem til er í heiminum. En þetta er reyndar svo satt - lífið er eins og konfektkassi. Sibreytilegt og spennandi og oft ýmislegt óvænt sem bíður okkar handan við hornið.

Við erum á svo fjölmargan hátt afar lánsöm hér á landi. Við búum í friðsælu landi og njótum lífsgæða sem flestum jarðarbúum eru fjarlægur draumur. Hingað vilja því margir koma hvort sem er til lengri eða skemmri tíma. Fólki sem sækir í betri lífsgæði, í betra líf fyrir sig og fjölskyldu sína. Núna bý ég í sveitarfélagi þar sem tæplega 30% íbúa eru af erlendu bergi brotin. Fólki á öllum aldri, fólki sem er að búa sér hér heimili og vill og ætlar að deila með okkur kjörum til framtíðar. Mér verður oft hugsað til allra þeirra sem hafa flutt hingað til Íslands og búa hér fjarri öllum sínum nánustu. Hvernig tökum við á móti þessum nýju nágrönnum okkar og hvernig getum við búið þessum hópi enn betra líf?

Mér finnst svo mikilvægt að minna mig á að allir þeir sem hingað eru komnir eru dætur og synir einhvers sem heima situr og vonar að einhver verði góður við börnin þeirra í fjarlæga landinu í norðri. Því finnst mér að við eigum að sameinast um að búa öllum þeim sem hingað hafa flutt eins góð skilyrði og við getum. Það getum við

nefnilega öll gert og við getum lyft gretti-staki ef við öll leggjumst á eitt í þeim efnum.

Nýr íbúi, á nýjum stað

En molarnir í konfektkassanum okkar eru fjölbreyttir og sumir óvæntir. Ef einhver hefði spáð því fyrir ári síðan að ég yrði sveitarstjóri í Hrunamannahreppi hefði ég nú ekki talið það mjög líklegt. En svona er lífið – eins og einn stór konfektkassi troðfullur af óvæntum atburðum og aðstæðum sem maður hefði aldrei átt von á.

Núna er ég nýbúi í sveitarfélagi þó ég sé ekki frá fjarlægum landi heldur bara frá Hveragerði. En það er afar lærdómsríkt fyrir mig að upplifa það að koma á nýjan stað þar sem ég þekki fáa. Þekki ekki sögu íbúa og bakgrunn, veit ekki um skyldleikann og tengslin, þekki ekki örnefni og hverja þúfu, rataði varla um sveitina þegar ég byrjaði. En ég reyni af alefli að leggja mig fram um að kynnast svæðinu og íbúunum og hef af því mikla ánægju.

Á meðan að ég glími við þetta verður mér stundum hugsað til þeirra fjölmörgu sem eru í sömu sporum, á nýjum stað, í nýju umhverfi og þau meira að segja skilja ekki málið okkar. Það hlýtur að vera ansi erfitt. Því eigum við eins og við best getum að sameinast um að hjálpa öllum þeim sem hér búa og hafa hér ekki rætur til að aðlagast eftir bestu getu. Gildir þar einu hvaðan við komum eða hvaða tungumál við tölum.

Framundan eru jólin

Við fögnum því að framundan er hátíð ljóssins, aðventan og undirbúningur jólaanna. Frá húsum berst ilmur af smákökum

og lagtertum, kapphlaupið við að redda jólagjöfunum er í algleymingi og síðustu móhikanarnir skrifa jólakort og ríghalda í gamlar hefðir hvað það varðar.

En þegar upp er staðið er það samveran með öllum þeim sem okkur þykir vænt um sem jólin snúast um. Ég reyni reyndar að segja börnunum mínum að hæfilegt dass af stressi sé líka í anda jólaanna en þau eru hætt að kaupa það.

Þegar aðfangadagur brestur á og stórfjölskyldan leggur af stað í sinn árlega jólarúnt. Þá eru jólin komin. Þá heimsækjum við öll hvert annað. Hvert og eitt okkar hefur komið sér upp hefð í þessari móttöku ættingjanna. Jólaglög hér, möndur þar, rækjusalat á einum stað og snafs hjá Valda. Þá eru jólin komin! Því að þrátt fyrir að lífið bjóði upp á alls konar tækifæri og áskoranir sem oft koma á óvart, þá getum við verið viss um að jólin koma.

Jólin eiga að vera okkur öllum ánægjuleg og því skulum við muna að mögulega er í næsta húsi við okkur einhver sem á um sárt að binda, saknar foreldra, barna eða lífs sem varð öðruvísi en vonast hafði verið til. Þá getur stutt heimsókn, bros eða kærleiksverk gefið af einlægni skipt öllu. Þannig breytum við nefnilega deginum og við getum með því að vera góð hvert við annað séð til þess að í konfektkassa okkar allra sé sem mest af góðum molum – því þannig liður okkur öllum betur.

Ég óska ykkur öllum gleðilegrar aðventu og yndislegra jóla. Með ósk um farsæld á komandi ári og með innilegum þökkum fyrir ánægjulegar samverustundir og samstarf á undanförunum árum.

Aldis Hafsteinsdóttir,
Sveitarstjóri Hrunamannahrepps

Sendum Hvergerðingum og nærsveitum
bestu óskir um gleðilega jólahátíð,
frið og farsæld á komandi ári.
Þökkum samverustundir liðinna ára.



GRUNDAR
HEIMILIN

Jákvæðni er lykilinn að lífinu

Jólaviðtal Bláhvers þetta árið er tekið af Gísla Páli Pálssyni við frú Laufeyju Valdimarsdóttur sem hefur búið í Hveragerði frá árinu 1966. Hún hefur alið upp fjögur börn hér í bæ og komið að rekstri Kjörís ehf frá því að hún stofnaði fyrirtækið með eiginmanni sínum Hafsteini Kristinssyni árið 1969. En byrjum á byrjuninni.

Fæddist í Hreiðri

„Ég er fædd í Hreiðri í Holtahreppi í Rangárvallasýslu 26. janúar 1940. Við erum fimm systkynin, öll á lífi. Ég er í miðjunni, Sigurjón elsti bróðir minn býr á Glitsstöðum í Norðurárdal, Albert býr í Hafnarfirði, Jóna systir býr í Raftholti sem er næst næsti bær við Hreiður og Valgerður býr í Fellabæ fyrir austan. Við systkynin dreifumst nokkuð um landið. Foreldrar mínir voru bændur. Pabbi hét Valdimar Sigurjónsson var fæddur árið 1900 og uppallinn í Hreiðri en mamma kemur þangað sem kaupakona, Guðrún Albertsdóttir. Hún var fædd á Neðstabæ í Norðurárdal í Húnavatnssýslu.“

Laufey segir búskapinn í Hreiðri hafa

verið talsvert basl. Jörðin var ekki góð og þar að auki ekki vegtenging við hana á uppvaxtarárum hennar. Þau bjuggu með sauðfé, kýr og eitthvað af hestum. „Við ferðumst allt á hrossum eða gangandi enda enginn bíll til á bænum. Ég fór svo í skóla á Skammbeinsstöðum þegar ég var 10 ára, var þar í hálfan mánuð í senn og svo hálfan mánuð heima þar sem við sinntum heimanámi og verkefnum eftir því sem kennarar settu okkur fyrir. Þetta voru tveir vetur með þessu fyrirkomulagi.“

Hjálparstúlka 13 ára

Hún er síðan send sem hjálparstúlka þrettán ára að prestsetrinu Fellsmúla í Landsveit. „Ég átti fyrst og fremst að aðstoða gamla konu sem var að missa sjónina en ég var eiginlega í öllu því prestshjónin sinntu búskapnum og almennum heimilisstörfum frekar lítið. Á bænum var líka 16 ára strákur sem var að læra undir landspróf hjá séra Ragnari og við tvö sinntum til dæmis fjósinu og því að gefa skepnunum. Ég fermist síðan um vorið og er heima í Hreiðri að hjálpa til

við búskapinn næstu tvö árin þangað til að ég er 16 ára.

Gangastúlka 16 ára

„Ég flyst síðan til Reykjavíkur þegar ég er 16 ára og ræð mig sem gangastúlku á Landspítalanum og sinnti þar þrifum. Þá bjuggum við uppi á lofti í Landspítalanum. Við fengum húsnæði og fæði á sama stað sem hentaði ungum stúlkum utan af landi mjög vel. Frú Sigríður Backmann hafði auga með okkur og við þurftum að vera komnar heim í hús fyrir miðnætti. Ég þurfti bara einu sinni að hringja neyðarbjöllunni þegar ég kom heim eftir miðnættið. Við fórum á ball.“

Í þessari vinnu safnar Laufey sér peningum til að greiða húsmæðraskólanám sem hún sækir veturinn eftir á Laugarvatni. „Bræður mínir fóru að Skógum í nám og það þótti sjálfsagt að ungir drengir menntuðu sig en það sama gildi ekki um ungar stúlkur á þessum tíma. Ég varð bara að vinna fyrir mínum skóla sjálf. Skógar var þriggja vetra nám sem var of langt fyrir mig en húsmæðraskólinn var einn vetur. Þetta er haustið 1957 sem ég fer í þann góða skóla. Þar lærðum við margt, auðvitað flest tengt heimilishaldi en þar lærðum við til dæmis einnig að færa heimilisbókhald sem hefur reynst mér mjög vel alla ævi. Maður þarf að fylgjast með hverju maður eyðir og hverju maður aflar. Það vantar kannski aðeins upp á slíkt í dag.“

Haustið eftir húsmæðraskólann fer Laufey aftur til Reykjavíkur og vinnur úti á Granda í fiski. „Við leigðum saman þrjár vinkonur sem unnum áður á Landspítalanum sparistofuna hjá frú Sigríði Valdimarsdóttur, systir Hannibals Valdimarssonar. Höfðum aðgang að baðherbergi og eldhúsi. Þetta var ævintýri, hún passaði vel upp á okkur, svona eins og strangasta amma“ segir Laufey og hlær innilega. „Kaupið var gott og mikil vinna fram að jólum. Síðan þegar lítið fiskaðist var lítil sem engin vinna og við sendar heim. Þegar það varð þá skelltum við okkur í skreiðina í Hafnarfirði. Þar var mikið



Mynd frá brúðkaupsdegi Frú Laufeyjar og Hafsteins.



Fjölskyldumyndin tekin við tilefni af fermingu Aldísar.

unnið og mikið kaup. Enda veitti ekki af, við þurftum að greiða húsaleigu til frú Sigríðar og svo skuldaði ég aðeins eftir veturinn á Laugarvatni.“

Kynnist eiginmanninum og við eignumst fjögur börn

Eftir veturinn í fiski í Reykjavík og Hafnarfirði vannur Laufey í stuttan tíma í Tryggvaskála á Selfossi og fær svo vinnu í þvottahúsi á Selfossi. Þar vann fyrir, þá verðandi mágkona hennar, Ásdís sem var gift Guðmundi Kristinssyni, bróður Hafsteins. „Það var búíð að stríða mér mikið með því að ég myndi aldrei ná mér í mann sem væri stærri en ég þar sem ég þótti vera nokkuð stór en Hafsteinn var rétt um tveir metrar að hæð. Ásdís og Guðmundur koma svo með Hafstein í heimsókn í Hreiður en ég var búin að bjóða þeim til mín. Okkur leist mjög vel hvort á annað. Þetta var ást við fyrstu sýn. Við giftum okkur veturinn 1963. Þá var ég að vinna á Kleppi og hafði herbergi þar. En eftir að við giftum okkur höfðum við íbúð á Snorrabraut. Okkur fæðist andvana drengur í október 1963. Hafsteinn hafði fengið styrk til að kynna sér störf ráðunauta í Danmörku og eftir að við misstum drenginn okkar fór ég til hans og við bjuggum í Danmörku veturinn 1963 - 64. Við flytjum síðan heim vorið 1964 og bjuggum aftur á Snorrabrautinni í Reykjavík. Aldís fæðist í desember 1964, þá

Valdimar í febrúar 1966, Guðrún í febrúar 1970 og loks Sigurbjörg í júlí 1975.

Ostagerðin í Hveragerði

Hafsteinn hafði unnið sem ráðunautur hjá Bændasamtökunum og ferðaðist út um allt land en honum líkaði ekki starfið. Hann var menntaður mjólkurfræðingur og kunnur því vel til ostagerðar. „Jarðhitinn í Hveragerði varð til þess að ostagerðin var stofnsett þar í bæ árið 1966. Við Hafsteinn höfðum engar tengingar í Hveragerði en hann var auðvitað fæddur og uppalinn Selfyssingur. Frá upphafi reyndi Mjólkursamsalan að knésetja okkur. Þeir komu í veg fyrir að verslanir tækju ost frá okkur í sölu auk þess sem þeir komu í kjölfar okkar og framleiddu þann ost sem við hófum framleiðslu á. Þá komu þeir einnig í veg fyrir að við fengjum hráefni frá bændum til ostagerðar. Eftir tveggja ára ströggil kom vinur Hafsteins til hans sem hét Gylfi og þeir stofna Kjörís árið 1968. Gylfi seldi Hafsteini sinn hlut í Kjörís árið 1988, hann var orðinn heilsuveill og gat ekki staðið í þessum rekstri. Fyrstu árin voru fimm konur og tveir strákar sem unnu í Kjörís á fyrstu árunum en fljótlega bættist fleira starfsfólk við.“

Reynt að knésetja í annað sinn

Aftur bregðast samkeppnisaðilar Hafsteins við með því að reyna að knésetja hann. Kjörís fékk ekki á sömu kjörum og Emmess

ís það hráefni sem þurfti í ísgerð á þeim tíma, mjólkurduft og smjör eða smjörfitu. Kjörís þurfti að kaupa þessi hráefni á útsöluverði út úr búð á meðan samkeppnisaðilarnir höfðu óheftan aðgang að þessum hráefnum á talsvert lægra verði. Þar að auki var afar erfitt að koma þessum nýja ís í sölu hjá verslunum landsins. „Þetta varð til þess að við þurftum að leita annarra leiða við framleiðslu á ís. Hafsteinn átti vini í Danmörku sem hann leitaði til en þeir voru að hefja tilraunir með að búa til jurtaís. Þær tilraunir gengu mjög vel og Kjörís kaupir í framhaldi jurtafitu frá Danmörku og þarf þar með ekki á að halda innlendu hráefni. Það átti meira að segja að banna innflutning á þessari jurtafitu en Ingólfur á Hellu var hliðhollur Hafsteini og leyfði innflutninginn, sem betur fer. Það gekk á ýmsu eins og sést og það var talsvert basl fyrstu árin. Þegar við fórum út í framleiðslu á frostpínum þá fóru hjólin fyrst að snúast. Í þeim er vatn, sykur og bragðefni, ekkert mjög hár hráefniskostnaður en ágætis verð. Við vorum líka á undan samkeppnisaðilanum með frostpínnana og náðum þar ágætis forskoti.“

Stoð og stytta

Laufey vann ekki í Kjörís en kom að málum með Hafsteini frá upphafi. Það var mikið af gestum sem komu erlendis frá sem þurftu gistingu og fæði en þetta voru ýmiskonar



sérfræðingar í Ísgerð, vinir Hafsteins sem komu hingað til lands til að aðstoða við uppsetningu Ísverksmiðjunnar og mikill fjöldi iðnaðarmanna sem gistu og borðuðu hjá okkur. „Þetta var eiginlega hótél sem ég rak hérna. Einnig var ég með fjögur börn á þessum tíma. Þá flutti pabbi til okkar árið 1970 og bjó hjá okkur í 11 ár þannig að heimilið var fjölmennt og oft mikið umleikis. Fyrirkomulag barnagæslu eða leikskólamála hér í bæ var þannig á þessum tíma að þær konur sem unnu í Ási eða á Heilsuhælinu gengu fyrir með pláss. Þar sem ég var ekki útivinnandi fóru börnin mín ekki í leikskóla.“

Varmilækur

„Fyrstu tvö árin bjuggum við Hafsteinn í Varmalæk, litlu húsi þar sem nú eru skrifstofur Hveragerðisbæjar. Það hús brann löngu síðar. Í því var klósett en ekkert bað og ekkert þvottahús. Timburgólfið var svo fúið að það mátti ekki stíga á ákveðna bletti en mér fannst ég vera sloppin úr fangelsi. Við bjuggum á annarri hæð í blokk í Reykjavík, ég með tvö lítil börn á fyrsta og öðru ári. Hafsteinn girti lóðina strax af þannig að Aldís stingi ekki af og þetta var mikill munur að geta leyft börnunum að vera frjálsum í garðinum.“

Félagsmálin

Þrátt fyrir að hafa ekki unnið í Kjörís þá sat Laufey síður en svo með hendur í skauti. Hún hefur komið að margskonar félagsmálastörfum hér í bæ og er þar af nógu að taka. „Ég tók snemma sæti í sóknarnefnd, var þar gjaldkeri og ritari meðal annars. Rúmlega fertug stóð ég

ásamt nokkrum góðum vinum að stofnun félags eldri borgara í Hveragerði. Hér var sveitasamfélag og fólkið vann fram í rauðan dauðann. Það mátti enginn vera að því að sinna þessum félagsstörfum og því fór ég bara í þetta sjálf. Ég var líka lengi í skógræktarfélaginu en það var búið að stofna það þegar ég geng í félagið. Norræna félagið var stofnað mest af dönsku fólki sem hér bjó en var að sjálfsögðu stofnað með aðkomu allra fimm Norðurlandanna. Það félag var mjög virkt hér á árum áður en ég held að það sé ekki lengur til. Í þá daga var samkoma annað hvert ár og skiptist á milli landa. Þetta voru hin svo kölluðu vinabæjarmót. Þriggja daga heimsóknir á milli Norðurlandanna og flestir gistu heima hjá þeim sem héldu mótið. Fólkið hafði ekki mikið á milli handanna og margir hverjir höfðu einungis efni á að kaupa sér flugmiða. Gisting og uppihald var því í boði gestgjafanna. En yngra fólkið vill ekki gista í heimahúsum, það vill bara gista á hótélum. Þess vegna held ég að félagið hafi lognast út af.

Svo hef ég verið í Rauða krossinum seinni árin. Það var upp úr stóra jarðskjálftanum árið 2008 að ég ásamt fleira góðu fólki stóðum fyrir því að gera Rauðakross félag bæjarins virkara. Við vorum með opin hús í Rauðakross húsinu, það var sett upp hjálparstöð og boðið var upp á sálfræðiaðstoð eftir stóra skjálftann. Það mættu margir bæjarbúar í spjall um skjálftann sem var af hinu góða.“

Margir afkomendur

Laufey á marga afkomendur og búa flestir hér í bæ. Öll börnin hennar fjögur

búa í Hveragerði og flest barnabörnin og ef að þau eru öll talin þá eru þau 11 talsins. Barnabarnabörnin eru níu og eitt til viðbótar á leiðinni. „Það hafa yfirleitt búið þrjú kynslóðir í þessu húsi sem ég bý í. Við erum stór og samheldin fjölskylda. Ættarmót eru haldin reglulega hjá mér og mínum systkynum. Það var eitt slíkt haldið í október síðastliðnum og við mætum um það bil 100 manns þegar allt er talið.

Skemmtilegt mannlíf

„Þegar við fluttum í Hveragerði árið 1966 bjuggu um það bil 600 manns í Hveragerði. Mannlífið var skemmtilegt og það var tekið vel á móti okkur Hafsteini. Margt var frumstætt. Nær allar götur malargötur og mikið af hitaveiturörum lágu ofanjarðar. Einangrunin var farin að tæst af sums staðar og börnin voru að bræða vaxlitina sína þar. Hverasvæðið var ekki afgirt en var girt eftir 1970 eftir hræðilegt banaslys sem varð þar skömmu áður.

Hafsteinn fellur frá

Hafsteinn fellur skyndilega frá árið 1993, 59 ára gamall. „Það var mjög erfitt og ég velti mikið fyrir mér framtíð minni og fyrirtækisins. Krakkarnir vildu halda áfram. Við vorum með gríðarlega góðan endurskoðanda sem hét Guðlaugur og hann hvatti okkur til að halda rekstrinum áfram. Ég fann líka til ábyrgðar að halda rekstrinum áfram með allt þetta starfsfólk sem reiddi sig á vinnuna hér í bæ. Ef við myndum selja myndi þetta góða starfsfólk líklega missa vinnuna, starfsemin yrði örugglega flutt suður. Það endaði svo með því að við ákváðum að standa í lappirnar og halda rekstrinum áfram hér í Hveragerði. Guðrún var búinn að vinna þennan vetur í fyrirtækinu með pabba sínum og var búin að kynnast rekstrinum ágætlega. Valdimar var í Tækniskólanum og átti eftir að ljúka námi þar. Guðrún stýrir fyrirtækinu þangað til að Valdimar kemur og tekur við af henni árið 1994. Hafsteinn var nýbúinn að breyta söluférlinu í Kjörís og flytja bíla, skrifstofu og söludeild austur í Hveragerði úr Reykjavík. Jafnframt seldi hann aðstöðuna sem fyrirtækið hafði haft í Reykjavík.“

Gull og grænir skógar

Þrátt fyrir að hafa ákveðið að halda rekstrinum áfram árið 1993 hafa öðru hvoru komið tilboð í fyrirtækið en ekkert þó í líkingu við það sem gerðist árið 2007. „Við fengum mörg tilboð árið 2007. Okkur voru boðnir gull og grænir skógar. En ég sagði alltaf nei. Ég bauð þeim í kaffi og kleinur og spjall en vildi ekki selja þá frekar

en fyrr. Ábyrgðartilfinningin kom aftur upp í brjósti mínu, að selja ekki fyrirtækið til þess eins að það flyttist héðan og starfsfólkið missti vinnuna. Ég var búin að horfa upp á það að þegar Vinnslustöðin í Vestmannaeyjum kaupir Meitilinn í Þorlákshöfn, þá lofa þeir hátíðlega að halda allri starfsemi í Þorlákshöfn óskertri, en það var allt lagt niður. Þetta gekk allt saman ágætlegaog mér fannst meira um vert að hafa fyrirtækið okkar hérna og að starfsfólkið hefði sína vinnu.

Bókbandið heillar

„Ég ætlaði að verða listamaður áður en ég kynntist Hafsteini. Fór eitt ár í Myndlista- og handiðnarskólann og lærði þar meðal annars bókband. Ég hef óskaplega gaman af bókbandinu og hélt námskeið í bókbandi í 20 ár hjá eldri borgurum hér og á Selfossi.

Jólin mín

Að fjölskyldan sé saman á jólunum er í huga Laufeyjar það mikilvægasta við jólin. „Við vorum náttúrulega mörg saman í Hreiðri. Það var ekki mikil tilbreyting á jólum nema auðvitað í mat. Við vorum með litið jólatré og svo vorum við alltaf með hangikjöt á aðfangadagskvöld. Við

Hafsteinn vorum síðan með hrygg eða læri á aðfangadagskvöld, lambasteik og hangikjöt á jóladag. Á jóladag var síðan fjölskylduboð hjá okkur en þá komu bræður Hafsteins til okkar, þeir Guðmundur og Sigfús og fjölskyldur þeirra. Við spiluðum alltaf Þúkk í Hreiðri, þá gátu allir verið með. Við fórum í betri fötin í Hreiðri og eftir klukkan sex töluðu mamma og pabbi um að það væri orðið heilagt.“

Pakkajól

Laufeyju finnst jólin hafa breyst mikið. „Þetta eru orðin pakkajól. Þegar við vorum börn í Hreiðri fengum við nýja flík yfirleitt frá mömmu og pabba. Svo kom kassi með pökkum úr Reykjavík frá systkinum pabba. Þar var ein gjöf handa hverju okkar. Þar með voru okkar jólagjafir upp taldar og það var mikill spenningur hjá okkur yfir kassanum góða. Ég tel að við höfum verið miklu þakklátari sem börn heldur en almennt gengur og gerist í dag. Eftir jólin lét mamma okkur teikna eitthvað fallett á blað og skrifa þakkarbréf til að þakka fyrir þessar jólagjafir sem við fengum.

Messa á jólum

„Við fórum yfirleitt ekki í messu á jólum

þegar við bjuggum í Hreiðri, það var einfaldlega of langt að fara. En hér í Hveragerði höfum við alltaf farið til messu á aðfangadagskvöld klukkan sex. Við fórum öll, ég, Hafsteinn, pabbi og börnin fjögur. Það var aðal hátíðin. Ég fer enn í messu á aðfangadag og þau börn sem geta koma með mér.“

Lykill að langlífi og vellíðan

Að lokum spyr ég Laufeyju hver sé lykillinn að því að vera svona hress og kát og jákvæð. „Ég held að það sé það að hafa gaman af lífinu og ég hef alltaf haft gaman af lífinu. Auðvitað var þetta erfitt í sveitinni og mikil vinna. Það þurfti að sækja vatn í brunna í Hreiðri. Það var kynt með kolaeldavél og yfirleitt var eldiviðurinn sparaður. Það gat verið ansi kalt að fara að sofa á veturna. Ég var tólf ára þegar síminn kom og átján ára þegar rafmagnið kom. Ég hef átt góða og viðburðarríka ævi sem ég er þakklát fyrir.“

Það var heiður að fá að spjalla við Laufeyju um viðburðarríka ævi. Hún er gott dæmi um eldri Hvergerðing sem hefur látið til sín taka á fjölmörgum sviðum félagsmála hér í bæ, alið upp fjögur vænleg börn og komið að rekstri Kjörís frá upphafi. Jákvæðni og brosmildi eru hennar einkenni.



„Samvera“ er lykilorð aðventu og jóla

Nú hef ég setið á Alþingi Íslendinga í rúmt ár. Ég skal vera fyrst til að viðurkenna að áður fyrr þótti mér sá vinnustaður ekki sérlega áhugaverður þegar á hann var horft úr fjarlægð á sjónvarpsskjánum. Þingmennsku sá ég fyrir mér sem heldur þrasgjarnnt starf með takmörkuðum árangri.

Vissulega má með sanni segja að Alþingi sé stærsta málstofa Íslands. Þar er oft talað frá morgni til kvölds og í hreinskilni hefur maður mismikinn áhuga á umræðuefnunum, eðli máls samkvæmt. Vinnustaðurinn gerir hins vegar þá kröfu til okkar sem þar sitjum að við tökum afstöðu til mála hvort sem okkur líkar betur eða verr.

Ég er oft spurð hvernig mér líki nýja vinnan mín og svara því af hreinskilni að mér líki hún vel. Margt er eins og ég hafði gert mér í hugarlund en annað kom mér á óvart, til að mynda hve góður vinnustaður Alþingi er í raun og veru. Starfsfólkið er einstakt, umgjörðin öll sömuleiðis og utanumhaldið til fyrirmyndar.

Þingmenn takast vissulega á og það hvesir í salnum. Við deilum, jafnvel harkalega, og það er einmitt sú mynd af Alþingi sem margir hafa – eðlilega. Bakhlíð þeirrar myndar er einfaldlega sú að orðræða fyrir opnum tjöldum er hinn sýnilegi hluti starfsins. Í ræðustólnum, framan við kastljós upptökuvélanna, erum við að sinna

starfsskyldum að hluta. Við sitjum á Alþingi sem fulltrúar mismunandi stjórnmálaflokka og sjónarmiða og það hlýtur að birtast út á við. En um leið lítum við á okkur sem vinnufélaga, kynnumst sem slíkir, verðum kunningjar og vinir og störfum saman af vinnsemd og virðingu líkt og gerist og gengur á vinnustöðum yfirleitt.

Stundum finnst mér hins vegar skorta nauðsynlega virðingu fyrir mismunandi sjónarmiðum víða annars staðar í samfélaginu. Margir gerðu sér vonir um að samfélagsmiðlar yrðu vettvangur heilbrigðs samtals þar sem heill akur skoðana gæti blómstrað í sátt og friði. Sú varð ekki raunin. Fjöldi fólks hættir sér ekki einu sinni út í að tjá sig þarna til að fá ekki yfir sig flaum af rætnum athugasemdum eða jafnvel hreinum fúkyrðum.

Þetta er samfélagslegt vandamál og alvarlegt sem slíkt. Við eigum að virða skoðanir hvers annars, ræða málin hispurslaut og vera reiðubúin að tala okkur að niðurstöðu. Breytt hugarfar í þessa veru er fróm ósk í anda jólanna!

Nú er aðventan gengin í garð með öllum sínum asa, innkaupum, ljósadýrð og sam-

veru. Ég segi samveru því fyrir mér er mikilvægara en flest annað að rækta kærleika og vináttu með sínum nánustu um hátíðarnar. Fátt er dýrmætara en sam-

verustund með fjölskyldu eða í góðra vina hópi. Það er gjöf sem við gefum sjálfum okkur og öðrum og kostar ekkert. Maður er og verður manns gaman.

Hlúum hvert að öðru, sýnum náunganum kærleika nú sem fyrr. Látum gott af okkur leiða í þágu þeirra sem

minna mega sín en drögum frekar sjálf úr innkaupum á því sem má vel missa sín þegar að er gáð.

Síðast en ekki síst, sinnum börnunum okkar eins og þau eiga skilið. Andlegri heilsu barna hrakar, það sýna endurteknar kannanir, því miður. Verðmætasta gjöfin fyrir börnin er að veita þeim tíma og verðskuldaða athygli, styrkja þau og styðja.

Ég þakka Hvergerðingum öllum fyrir ánægjulega samveru á árinu sem er að líða og hlakka til að eiga góðar stundir með ykkur á nýju ári.

Gleðilega hátíð!


Guðrún Hafsteinsdóttir

Alþingismaður Sjálfstæðisflokksins í Suðurkjördæmi



Gleðileg jól

☎ **893 2429**
896 4757



MÚRÞJÓNUSTA
Helga Þ hf.

Gleðileg jól

Hamingjan gefi þér
gleðileg jól,
gleðji og vermi þig,
miðsvetrarsól,
brosi þér himinn,
heiður og blár,
og hlýlegt þér verði
hið komandi ár.
G. Jóh.



ÖLVERK

Sími: 4833030 www.olverk.is

Með hátíðarkveðju og þökk fyrir samfylgdina
á árinu sem er að líða

Annáll D-listans fyrir árið 2022

Við fulltrúar D-listans horfum yfir liðið ár og ekki síður þau 16 ár sem við vorum svo lánsöm að fá að vinna með ykkur, íbúum Hveragerðisbæjar. Við horfum til baka og erum stolt af því sem áorkað var á þessum árum. Bærinn hefur breyst gríðarlega á þessum tíma um það þarf ekki að deila. Útlit bæjarins hefur gjörbreytt enda lögðum við hjá D-listanum mikinn metnað í að hafa bæinn bæði fallegan og snyrtilegan og eftir því hefur svo sannarlega tekið. Við vorum lánsöm með starfsmenn og einhuga var ráðist í verkefni sem oft voru stærri en við hefðum átt að geta ráðið við. En allt tókst þetta og af því erum við stolt. Skemmst er að minnast heimsfaraldurs covid sem hafði afar dapurlegar afleiðingar hér í Hveragerði. Við minnumst einnig gífurlegar vinnu í kringum jarðskjálftana 2008 og einnig mikils átaks í kringum efnahagshrunið. Það er nefnilega ekki sama hvernig er stjórnað og hvernig brugðist er við óvæntum aðstæðum. Einmitt þá er gott að geta leitað í banka þekkingar og reynslu. Við gætum hér skrifað langa ritgerð um allt það sem gert var á þessum 16 árum en við ætlum að láta það eiga sig og í staðinn að minnast á nokkur verkefni sem við höfum og/eða lukum á síðasta ári.

Nýjar færarlegar skólafundur voru reistar við Leikskólann Óskaland og þykja þær hafa tekist afar vel. Nú eru þar tvær deildir barna sem una hag sínum vel.

Starfsemi í Frístundamiðstöðinni Bungubrekku spannar nú allt árið. Yfir vetrarmánuðina er þar rekið frístundaheimilið Skólasel og félagsmiðstöðin Skjálftaskjól. Yfir sumartímamann eru svo starfrækt ævintýranámskeið. Með þessari heildstæðu breytingu höfum við unnið til þess að koma til móts við barnafjölskyldur í Hveragerði.

Mikil vinna var lögð í undirbúning að uppsetningu svifbrautar í Kömbunum og voru uppkaup á landi Öxnalækjar forsenda þess að það verkefni gæti gengið eftir. Áttu fulltrúar D-listans afar ánægjulegt samstarf við forráðamann ZIP LINE enda er það trú okkar að það verkefni eigi eftir að verða farsælt í Hveragerði. Það hefur verið gaman að fylgjast með þeim fjölda sem nýtir nýtt bílastæði á Árhólumum. Þangað



koma tugir manna dag hvern og greiða athugasemdalaus gjald fyrir afnotin af bílastæðinu sem og aðstöðunni sem þarna er komin upp.

Með einstöku samstarfi Hveragerðisbæjar og Einars Bárðarsonar hefur Hengill Ultra hlaupið skipað sér sess meðal vinsælustu utanvegahlaupa landsins. Slíkt er ekki sjálfsagt og gerist ekki nema með atorku og dugnaði fjölda einstaklinga sem hafa óbilandi trú á verkefninu.


Þar sem aðstaða til íþróttaiðkunar í Hveragerði var eins og best var á kosið gekk íþróttastarf vel í bænum okkar. Aldrei áður hefur til dæmis lið frá Hveragerði hampað öllum titlum í boltagrein í efstu deild, en karlalið meistaraflokks Hamars í blaki hefur verið ósigrandi í nokkur ár. Það eru stoltir Hveragerðingar sem mæta á völinn til að styðja sína menn sem ítrekað hafa fagnað stórum titlum. Við hjá D-listanum erum stolt af því að hafa með hagstæðum hætti stórbætt alla aðstöðu til íþróttaiðkunar í bæjarfélaginu.

Það var ekki einfalt að ráðast í endurbætur á sundlaugarhúsinu í Laugaskarði en í dag eru flestir að því að við teljum ánægðir með það hvernig til tókst. Það sama má segja um viðbyggingu við grunnskólann sem er

afar falleg og sómir sér vel í lystigarðinum. Lýsing á göngustígum, merkingar á trjáum og götum, bekkjaverkefnið góða og margt fleira var gert til að betrum bæta umhverfi bæjarbúa. Alltaf með hag bæjarbúa að leiðarljósi.

Það var ánægjuleg niðurstaða samningaviðræðna Vegagerðinnar og fulltrúa Hveragerðisbæjar að byggð skyldi brú sem að fullu væri kostuð af Vegagerðinni yfir Varmá og þannig yrði hinn nýi tengivegur í Ölfusinu tengdur Hveragerðisbæ með góðum og öruggum hætti. Við keyrum núna stolt yfir þetta fallega mannvirki vitandi það að aðkoma D-listans og bæjarfulltrúa hans skipti þar sköpum.

Að lokum er rétt að geta þess að Hveragerðisbær skipaði sér í efsta sæti sveitarfélaga þegar spurt var um heildaránægju íbúa með sveitarfélagið sem stað til þess að búa á skv. niðurstöðu þjónustukönnunar sveitarfélaga árið 2021. Niðurstaða sem var orðin árlega og ávallt jafn ánægjuleg. Á sama tíma mældist mest fólksfjölgun, hlutfallslega í Hveragerði og mest var byggt, líka hlutfallslega, á landinu hér í bæ. Þrjú Íslandsmet og öll góð! Af því erum við bæði stolt og þakklát.



**Sendum Hvergerðingum sem og öðrum
lesendum hugheilar jóla- og nýárskveðjur.
Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.**



Ástré ehf.
Próstur Stefánsson
Sími 898 5993

Mikki Smiður
Sími 861 9330
Hveragerði

M.S. vélar og stálsmiðja ehf.
Sími 846 4024
Mánamörk 3

Ficus ehf.
Sími 483 4790 / 893 4190
ficus@simnet.is